# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 b, örk 74


Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Innf. 15/7-11

Nr. 13

Hjermed leifi jeg undirskrifaður mjer að sækja um leifi til að reisa hús, á lóð minni í kaupstaðarlandi við Reikjavík, með sama fyrirkomulagi og meðfilgjandi uppdráttur sínir.

Reykjavík 14. júlí 1911.
Steingrímur Sveinsson

Til. Byggingarnefndarinnar í Reykjavík

B. Rob. 4 25/7 1911 B. 13.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Jeg undirritaður leyfi mjer hjer með að biðja hina háttvirtu byggingarnefnd Reykjavíkur um leyfi til þess að byggja íbúðarhús og járnsmiðju, úr steinsteypu, á lóð minni, við Bergstaðastræti, eftir því sem hjálagðar teikningar sýna.

Virðingarfyllst

Reykjavík 14.-7. 1911

Páll Magnússon

Til

byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. 427/1911 3/5-13

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit
## af fundargjörð byggingarnefndarinnar

Ár 1911 hinn 15. dag júlímán. var haldinn fundur í byggingarnefndinni og var þá fyrir tekið:

1. Þ. ... n. Sveinsson á Sveinsstöðum í Kaplaskjóli ætlar að rífa bæinn þar, og var honum leyft að byggja í stað hans íbúðarhús 10 × 10 álnir að stærð með skúr 4½ × 3½°. Sömuleiðis var honum leyft að gjöra hlöðu og fjós 8 × 6 álnir að stærð. Skilyrði fyrir byggingarleyfi sett, að vegur, fær fyrir slökkvitólin, sje gjörður að húsinu.
2. J. Zimsen leyft að gjöra til bráðabyrgða á Laugarnesbletti skúr 20 × 8 álnir að stærð, til að pressa í grút undan meðalalýsi. Nefndin vill veita þetta leyfi til bráðabyrgða með því skilyrði, að skúrinn sje tekinn burtu, er bæjarstjórnin krefst þess.
3. Páli Magnússyni, járnsm. leyft að gjöra íbúðarhús úr steinsteypu 14 × 15 álnir að stærð með skúr 3½ × 4½ al. á lóð hans við Bergstaðastræti (nr. 4). Eldvarnarveggur skal vera á skúrnum, nema því að eins, að lóðin verði aukin svo, að 5 álnir verði að lóðarmörkum. Ennfremur var honum leyft að gjöra smiðju 14 × 9¾ al. að stærð, og salerni 4 × 3 álnir. Skúrarnir, sem nú eru á lóðinni verða rifnir niður.–
4. Meiri hluti nefndarinnar leggur til, að keyptar verði 150 álnir. lóð úr erfðafestulandinu „Nýjabæjarlóð“ fyrir 55 aura

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hverja feralin, til að útvega gang að húsi Páls Hafliðasonar.–

5 Lagt fram erindi frá Ólafi Jónssyni um lóð á Kárastíg nr. 12. Frestað að taka ákvörðun.–

Allir á fundi nema Rögnv. Ólafsson.–

Fundi slitið

Páll Einarsson  K. Zimsen

G. Olsen  Jón Jensson  B. Jónasson.–

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjermeð leyfi jeg mjer að fara þess á leit við hina háttvirtu byggingarnefnd að hún veiti mjer leyfi til að byggja til bráðabyrgða skúr 20 x 8 álnir á erfðafestulandinu "Laugarnesblettur", sem er eign herra Emil Rekstads.

Samþykki eiganda fylgir hjer með.

Skúrinn á að nota til að pressa i grút undan meðalalýsi en velnefndur Rekstad hefir tekið að sjer að gjöra þetta, sumpart til að fá þann grút, sem eftir verður, i áburð.

Reykjavik 13. Júli 1911

Virðingarfyllst

Jes Zimsen

Til

byggingarnefndar Reykjavikur.

30+18=

B. Rek. 426/1911 Bj. 13.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hjer með gef jeg samþykki mitt til að herra Jes Zimsen sje veitt leyfi til að byggja til bráðabyrgða skúr, til að pressa lýsi i, á erfðafestulandi minu "Laugarnesblettur"

Laugarnesi 13. Júli 1911

Emil Rokstad

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur